

## Nýr ritstjóri Náttúrufræðingsins

Á dögnum urðu þau tímamót í útgáfu Náttúrufræðingsins að Álfheiður Ingadóttir sem sinnt hefur ritstjórnarstörfum í heilan áratug lét af störfum. Samtímis tók við starfinu nýr ritstjóri, Hrefna Berglind Ingólfssdóttir, líffræðingur. Samhliða ritstjórnarskiptunum var ritstjórnarembættið flutt frá Náttúrufræðistofnun Íslands til Náttúrufræðistofu Kópavogs. Heimilisfang nýja ritstjórans er Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg 6a, 200 Kópavogur. Síminn er 570 0430, faxnúmer 570 0431 og netfang hrefnab@natkop.is.

Stjórn HÍN kann fráfarandi ritstjóra Álfheiði Ingadóttur bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, en alls ritstýrði hún níu og hálfum árgangi af Náttúrufræðingnum. Fáir hafa gegnt ritstjórnarstarfinu eins lengi og Álfheiður og skipar hún sér á bekk með þeim Árna Friðrikssyni, sem ritstýrði 11 árgöngum, og Sigurði Péturssyni, sem ritstýrði tíu árgöngum á tímabilinu 1956-1965. Nýja ritstjóranum Hrefnu Berglindi Ingólfssdóttur er ánað velfarnaðar í starfinu.

## Nýtt aðsetur á afgreiðslu

Auk ritsjórnarskipta urðu þau tímamót í útgáfu Náttúrufræðingsins um síðastliðin áramót að dreifingar- og afgreiðslustjóri tímaritsins, Erling Ólafsson skordýrafræðingur, lét af störfum eftir dygga þjónustu í um tvo áratugi. Stjórn HÍN kann honum bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Við starfi Erlings tekur nýi ritstjórnin, Hrefna B. Ingólfssdóttir. Við þessa breytingu flyst jafnframt aðsetur afgreiðslunnar frá Hlemmi í húsnæði Náttúrufræðistofu Kópavogs að Hamraborg 6a.

Hið íslenska náttúrufræðifélag  
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs  
Hamraborg 6a, 200 Kópavogur  
Sími: 570 0430  
Netfang: hin@hin.is  
Heimasíða: www.hin.is  
Ábm. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



## Félagsbréf

1. tölublað

Janúar 2007

32. árgangur

## Aðalfundur HÍN!

Boðað er til aðalfundar hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi laugardaginn 24. febrúar 2007 kl. 14:00 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs í Safnahúsinu, Hamraborg 6a, Kópavogi.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2006.
3. Reikningar HÍN fyrir árið 2006.
4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2006.
5. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.
6. Tillögur til ályktunar.
7. Önnur mál.
8. Fundarslit.

Kaffiveitingar verða í boði. Allir eru velkomnir!

## Netföng félagsmanna

Félagsmenn sem ekki hafa enn sent félaginu netföng sín eru eindregið hvattir til að gera það hið fyrsta. Netfangið er stjorn@hin.is eða hin@hin.is. Netföng félagsmanna eru notuð til að senda þeim tilkynningar um fræðsluerindi, fræðsluferðir og fleira sem félagið stendur fyrir. Netföngin verða ekki afhent þriðja aðila.

## *Baráttan fyrir Náttúruminjasafni Íslands*

Eins og flestum félagsmönnum HÍN er sjálfsagt kunnugt um hefur bygging myndarlegs náttúruminjasafns verið eitt helsta baráttumál félagsins frá stofnun þess árið 1889. Lítið sem ekkert hefur þokast í þessu máli á undangenginni öld og er það ekkert nema þjóðarskömm hvernig búið er að höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum í dag.

Málefni Náttúruminjasafnsins voru talsvert til umræðu í fjölmiðlum seinni hluta síðastliðins árs og safnamálunum gerð nokkur skil. Umfjöllunin var þörf enda þótt kveikjan að umræðunni hafi verið slæm, óhöpp í sýningarrými á Hlemmi og í frystigeymslum úti í bæ.

Eilítil hreyfing komst á safnamálin árið 2001 þegar Safnalög tóku gildi, en í þeim er Náttúruminjasafn Íslands gert að einu þriggja höfuðsafna landsins (sjá 5. grein, lög nr. 106/2001), en í bráðabirgðarákvæði safnalaganna segir að sérlög eigi að setja um safnið áður en það fái stöðu höfuðsafns.

Frekari skriður komust á safnamálin á nýliðnu ári þegar menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lagði fram frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, fyrst um vorið á 132. löggjafarþingi og svo aftur um haustið á 133. löggjafarþingi. Því miður náðist ekki að afgreiða frumvarpið í fyrra skiptið og binda menn vonir við að betur takist til nú.

Stjórn HÍN fékk bæði frumvarpsdrögin um Náttúruminjasafn Íslands til umsagnar og gerði nokkrar athugasemdir við þau. Athugasemdir HÍN má lesa á heimasíðu félagsins, [www.hin.is](http://www.hin.is)

**Félagsmenn eru eindregið hvattir til að fylgjast með málinu í meðförum þingmanna á Alþingi.**

## *Gróðurframvinda í Surtsey – næsta fræðsluerindi HÍN*

Næsta fræðsluerindi HÍN verður haldið **mánudaginn 29. janúar 2007 kl. 17:15**. Þá mun dr. Sigurður H. Magnússon plöntuvistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands flytja erindi sem hann nefnir **Gróðurframvinda í Surtsey: Útbreiðsla tegunda og dreifingarmynstur**.

### *Næstu fræðsluerindi*

Dagskrá fræðsluerinda HÍN fram á vor liggja nokkurn veginn fyrir og eru eftirfarandi:

**26. febrúar** heldur dr. Gunnlaugur Björnsson stjarnaðlisfræðingur á Raunvísindastofnun Háskólans erindi um **Gammablossa og heimsfræði**.

**26. mars** halda þær stallsystur dr. Kristín Svavarsdóttiri plöntuvistfræðingur á Landgræðslu ríkisins og dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor í grasfræði við Háskóla Íslands erindi sem nefnist **Skeiðarársandur - með augum plöntuvistfræðings**.

**30. apríl** mun dr. Ævar Petersen dýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands flytja erindi sem hann nefnir **Breytingar á lífríki Breiðafjarðar: Vöktun sjófuglastofna**.

---

Fræðsluerindi HÍN eru ávallt haldin síðasta mánudag hvers mánaðar á tímabilinu september-maí að desember undanskildum. Erindin hefjast **kl. 17:15** og eru haldin í **Öskju, stofu 132, Náttúrufræðahúsi Háskólans við Sturlugötu í Vatnsmýri**.

Fræðsluerindi HÍN eru jafnan auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og í dagbók RÚV. Einnig eru upplýsingar um fræðsluerindin að finna á heimasíðu félagsins **[www.hin.is](http://www.hin.is)**

**Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.**